helgar pósturinn

Útgefandi: Blaðaútgáfan Vitaðsgjafi sem er dótturfyrirtæki Alþýðublaðsins, en með sjálfstæða stjórn.
Framkvæmdastjóri: Jóhannes Guðmundsson.
Ritstjórar: Árni Þórarinsson, Björn Vignir Sigurpálsson.
Ritstjórnarfulltrúi: Jón Óskar Hafsteinsson.
Blaðamenn: Guðjón Arngrímsson, Guðlaugur Bergmundsson, Guðmundur Árni Stefánsson og Þorgrímur Gestsson.
Ljósmyndir: Friðþjófur Helgason.
Auglýsingar: Elín Harðardóttir.
Gjaldkeri: Halldóra Jónsdóttir
Dreifingastjóri: Sigurður Steinarsson
Ritstjórn og auglýsingar eru að Síðumúla 11, Reykjavík. Sími 81866. Afgreiðsla að Hverfisgötu 8-10. Símar: 81866, 81741, 14900 og 14906.
Prentun: Blaðaprent h.f.
Áskrift (með Alþýðublaðinu) er kr. 4.000.- á mánuði. Verð í lausasölu er kr. 200.- eintakið.

SLUNGIN SLAGORÐ

Slagorð eru ómissandi þáttur allrar almennilegrar kosningabaráttu. Í slagorðasmíði er það gullvæg regla að láta slagorðin stuðla eða rima en það fer lítið fyrir slíku í þeim atkvæðaslag sem nú stendur yfir og reyndar má segja um alla stjórnmálaflokkana stóru, að þeir eru vart svipur hjá sjón í þessum efnum nú um stundir.

Sjálfstæðismenn hafa að vísu verið að burðast við að koma sér upp slagorði, þegar þeir völdu yfirskriftina á kosningaplagg sitt — Leiftursókn gegn verðbólgunni. Þetta er afleitt slagorð. Fyrir utan það nú að það er hvorki stuðlað né rímar, þá hefur það gefið andstæðingum ótal tækifæri til skopstælinga og útúrsnúninga á borð við það sem Alla ballarnir nú stunda, sem hafa snúið mottóinu upp í Leiftursókn gegn lífskjörum. Það hljómar langtum betur — enda stuðlað.

Það er skrítið að sjálfstæðismenn skulu ekkert hafa lært af *reynslunni í slagorðasmíði*. Sagan sýnir nefnilega að í hvert sinn sem þeir hafa haldið vígreifir til kosningabaráttu með slagorð sem hvorki eru stuðluð né rímuð þá hefur flokknum vegnað dapurlega. Hver man ekki eftir Áfram-slagorðinu á viðreisnarárunum, þegar þeir urðu fyrir verulegu fylgistapi, eða þá síðast þegar þeir gengu til kosninga án slagorða eða með slagorð sem enginn skildi og allir vita hvernig þá fór. Þar áður — þegar flokkurinn hins vegar stáðaði af stuðluðum slagorðum, eins og Varist vinstri slysin eða Báknið burt, þá vann hann sinn stærsta sigur.


Hinir flokkarnir hafa ekki verið eins dugmiklir í samræmdri slagorðasmíði, enda ekki af sökum að spyrja, — þessir flokkar hafa ekki nánda nærri eins marga kjósendur og sjálfstæðismenn, þrátt fyrir allar hrakfarir. Hins vegar er eftirtektarvert að þegar Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkur sameinuðust um stuðlað slagorð fyrir síðustu kosningar — Kjósum gegn kaupráni, þá unnu þessir flokkar báðir sína stærstu sigra og fengu nákvæmlega jafnmarga þingmenn.

Núna ríkir sem sagt hálfgerð slagorðakreppa. Það eru helst einstakir fylgismenn sumra flokkanna sem eitthvað hafa lagt til af viti í þessa veru. Karl Steinar kallaði Alþýðuflokkinn „Vörn gegn vitleysu" — ágætlega stuðlað slagorð sem kratar hafa ekki enn haft klókindi til að hampa. En langmest finnst mér samt koma til slagorðs Dagbjartar Höskuldsdóttur á kvennaframboðsfundinum á dögunum — Það má stóla á hann Óla. Svona líka prýðilega rímað slagorð. Það er bara verst að Óli skuli ekki vera í framboði um land allt og kannski enn verra að hann skuli ekki vera í forsetaframboði í Bandaríkjunum. Maður með svona slagorð á sigurinn vísan.

Að síðustu — ein tillaga um slagorð fyrir S-listann í Norðurlandskjördæmi eystra:

Sólness er eldhress!

— BVS



Það verður spennandi á Vestfjörðum og Austurlandi

Það er engum blöðum um það að fletta, að fylgisaukning Sjálfstæðisflokksins í aðventukosningunum verður ekki eins mikil og reiknað var með um það leyti sem þing var rofið. Þá voru allar ytri aðstæður flokknum mjög í hag, en skjótt skipast veður í lofti, og allt getur gerst í pólitíkinni, eins og sagt er um knattspyrnuna. Það er hrein og bein fjarstæða að halda því nú fram að nokkur möguleiki sé fyrir Sjálfstæðisflokkinn að fá hreinan meirihluta á Alþingi. Til þess þyrfti hann að bæta við sig hvorki meira né minna en 13 þingmönnum, en sjálfstæðismenn mega þakka fyrir ef þeir bæta við sig 3 þingmönnum nú í kosningunum og kannski verða þeir ekki einu sinni svo margir.

Nú er það upplausn hjá íhaldinu en ekki á vinstri væng stjórnmálanna

Klofningaframboð sjálfstæðismanna í tveimur kjördæmum geta átt eftir að kljúfa flokkinn endanlega, þrátt fyrir aðrar yfirlýsingar hjá „klofningunum" í Sjónvarpinu á þriðjudagskvöld. Það er ekki neinn friðarstóll sem Geir Hallgrímsson situr á þessa dagana í Valhöll. Hann var að vísu brosleitur á vinnustöðum og um borð í togaranum á Eskifirði um síðustu helgi, en það var nú bara á yfirborðinu og á meðan hann var í Austurlandskjördæmi. Sannleikurinn er nefnilega sá, að í því kjördæmi virðist vera einna mestur friður innan Sjálfstæðisflokksins. Þrátt fyrir mjög erfiðar landfræðilegar aðstæður var haldið þar prófkjör, og eins og við var að búast sigraði Sverrir Hermannsson glæsilega. Þar ógnar honum enginn. Hinsvegar varð mikið stjórnuhrap hjá efsta heimamanninum á listanum við síðustu kosningar, Pétri Blöndal framkvæmdastjóra á Seyðisfirði. Hann hefur verið í öðru sæti og komið á þing í fjarveru Sverris, en þangað á hann líklega ekki oftar eftir að koma. Hinsvegar mun bændum bætast góður liðsstyrkur á þingi þegar Egill ráðunautur Jónsson kemur inn í fjarveru Sverris. — En Sverrir er í hættu. — Frá því kjördæmabreytingin var gerð, 1959, hefur Sjálfstæðisflokkurinn aldrei fengið eins fá atkvæði á Austurlandi og síðast, eða 1062. Í kjördæminu eru um sjö þúsund kjósendur, og Alþýðubandalagið vantaði ekki nema rösklega 240 atkvæði til að fella Sverri og ná þriðja kjördæmakjörna manninum, en hann fór inn á uppbót sem kunnugt er.

Austurland: Framsókn telur sig fá þrjá

Austurlandskjördæmi er sá staður á landinu þar sem Framsóknarmenn eygja þá von að vinna mann, og það er heldur ekki útilokað. Kaupfélagsstjórinn ungi sem er í þriðja sæti lista Framsóknar er óþekkt stærð, og það hefði verið sterkara ef Halldór Ásgrímsson hefði viljað fórna sér í þriðja sæti, en þá átti hann líka á hættu að vera á vergangi eftir þessar kosningar eins og eftir kosningarnar í fyrra. Framsókn hafði þrjá menn á Austurlandi þar til í fyrra. Það var fyrsta skiptið líka sem Eysteins Jónssonar naut ekki við, — og það munar um minna. Á Austurlandi geta atkvæði Alþýðuflokks og Samtakanna frá því í síðustu kosningum skipt sköpum. Bjarni prófessor Guðnason reytti þar upp töluvert fylgi, en Guð veit hvar það er niðurkomið núna. Þá áttu Samtökin rösklega 200 atkvæði á Austurlandi síðast, en bjóða ekki fram þar nú. Hinsvegar er annar „maður" á lista Samtakanna þá, nú kominn á lista Alþýðubandalags. Þetta er Ágústa Þorkelsdóttir húsfreyja á Refstað í Vopnafirði kvenréttinda kona og skörungur mikill. Hún er fjórða á listanum að mig minnir og fær að halda ræður. Í þriðja sæti listans er svo blómið í hnappagatinu hjá Alla — ballanum á Austurlandi. Það er Sveinn Jónsson verkfræðingur, alnafni og barnabarn Sveins á Egilsstöðum. Egilsstaðaættin getur haft mikil áhrif á þessar kosningar. Sveinn gamli var nú einu sinni sjálfstæðismaður, en síðan mun meirihlutinn af Egilsstaðafólkinu hafa verið kominn yfir á Framsókn. Spurningin er hvað það gerir núna, þegar einn af ættinni er kominn með annan fótinn í sali *Alþingis*. *Skyldi það ekki reyna* að ýta hinum innfyrir líka? — Allavega: Úrslitin á Austurlandi verða tvísýn og þar verður barist fram á síðustu stund. Austurlandskjördæmi er eitt af þeim kjördæmum, sem er mjög viðkæmt ef gerir vetrarhörkur. Það er ekki víst, að aldrað fólk á Jökuldal og í Hrafnkelsdal, svo dæmi séu nefnd, fari á kjörstað.



hákarl

Vestfirðir: Þar getur allt gerst

Annað kjördæmi þar sem úrslit verða mjög tvísýn og vetrarhörkur geta haft mikil áhrif eru Vestfirðir. Í síðustu kosningum dróst talning töluvert í Vestfjarðarkjördæmi. Þeir sem börðust þar fyrst og fremst voru Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason og annar maður á lista Sjálfstæðisflokksins, Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Á Vestfjörðum var ekki prófkjör hjá Sjálfstæðisflokknum og þessvegna er Þorvaldur Garðar enn á listanum. Kunnugir menn þar vestra segja að hann hefði líklega fallið út af listanum í prófkjöri, nema Matthías Bjarnason hefði haldið sérstakri verndarhendi yfir honum.

Það var nokkurnveginn vitað fyrir síðustu kosningar að Gunnlaugur Finnsson annar maður á lista Framsóknar myndi falla. Bæði var að flokkurinn stóð illa þar vestra eins og annarsstaðar, og svo var hitt sem vó þungt, en það voru erfiðleikar Gunnlaugs á heimaslóðum. Óreiða og óorð bæði á kaupfélaginu og í sveitarstjórninni þar sem hann var ráðamaður. Sjálfur er Gunnlaugur stálheiðarlegur maður, en þeir menn sem höfðu valist til forystu á þessum vígstöðvum réðu ekki við þau verkefni, sem þeim voru falin. Þá lá það í loftinu að þarna myndi Alþýðubandalagið fá kjörinn mann, sem það tapaði í kosningunum 1967. Sú varð líka raunin á og Kjartan Ólafsson fyrrum Þjóðviljaritstjóri og harðlínumaður náði kosningu.

Það var ekki fyrr en komið var langt fram á dag, daginn eftir kosningarnar að ljóst var að Karvel náði ekki kjöri. Hann var ýmist inni eða úti meðan á talningunni stóð og hann vantaði ekki nema 16 atkvæði til að fella Þorvald Garðar, — svona glöggt stóð það. Og aðeins munaði 32 atkvæðum á Karvel og Sighvati í síðustu kosningum. Þarna stóð því allt mjög glöggt.


Nú hafa þeir ruglað saman reitum sínum Sighvatur og Karvel og miðað við síðustu kosningar eru þeir með samtals 1584 atkvæði og þar með sterkasti flokkurinn í Vestfjarðarkjördæmi. En þetta eru nú tölurnar frá í fyrra og hvernig þær verða nú, er erfitt að segja til um. Það er hinsvegar ljóst að sá möguleiki er fyrir hendi að þeir verði báðir kjördæmakosnir, en þá verða líka allir frá því síðast að skila sér og töluvert fleiri. Baráttan milli Karvels og Þorvaldar Garðars verður því hörð, en sá þeirra sem ekki verður kjördæmakosinn má heita viss um að verða landskjörinn þingmaður. Þessi spá er byggð á því að Framsókn nái aðeins einum og Alþýðubandalagið haldi sínu.

...hákarl....

vettvangur

ÖRFÁ ORÐ VEGNA „MINNINGARORÐA UM SÍÐUSTU SÝNINGU FÍM"

Jón Reykdal:



Helgarpóstinum hefur borist eftirfarandi opið bréf til myndlistargagnrýnanda blaðsins, Halldórs Björns Runólfssonar vegna greinar um FÍM-sýninguna í síðasta tölublaði:

Kæri Halldór:

Umræður um Haustsýninguna hafa farið fram í stjórn og sýningarnefnd félagsins, bæði í ár og undanfarin ár. Innan félagsins hafa verið skiptar skoðanir um Haustsýninguna, kosti hennar og galla. Þegar rætt er um hvers vegna sýningunni hefur hrakað ár frá ári, verða menn að hafa í huga gerbreyttar aðstæður í sýningarmálum í dag, miðað við aðstæður t.d. fyrir 10-15 árum. Ber þar hæst, að upp hafa sprottið ýmsir fleiri sýningarhópar, sem skapað hafa breidd í íslenska myndlist en jafnframt þýtt mikla blóðtöku fyrir FÍM. Ég vil nefna íslenska grafíkera, sem sýndu síðastliðið haust, sýningarhópinn Vetrarmynd, Septem og Myndhöggvarafélagið, en báðir síðasttöldu hóparnir sýndu á Kjarvalsstöðum í sumar. Þar að auki má nefna hluta ungra myndlistarmanna, sem ekki eru í FÍM og reka gallerlið í Suðurgötu af miklum dugnaði. Þegar athugaðar eru þessar forsendur, er ekki að undra, að Haustsýningunni hafi hrakað.

Margir innan raða FÍM hafa lengi gert sér þessa staðreynd ljósa, en umræður komust fyrst verulega á skrið eftir síðustu Haustsýningu. Á félagsfundi, sem haldinn var í byrjun þessa mánaðar, urðu miklar umræður um þessi mál, sem lauk með því, að samþykkt var tillaga frá stjórn og sýningarnefnd þess efnis, að næsta Haustsýning hafi ákveðinn kjarna u.þ.b. fimm myndlistarmanna, sem hver um sig sýni tíu verk. Þessir myndlistarmenn yrðu valdir af sýningarnefnd með árs fyrirvara. Að auki gæfist öðrum félagsmönnum kostur á því að senda inn verk eins og verið hefur og það sama gildir um utanfélagsmenn. Með þessu móti vonumst við til þess að næsta Haustsýning fái sterkt svipmót og komist úr þeirri lægð, sem hún óneitanlega hefur verið í undanfarin ár. Hvort hún svo kemur til með að fá þá breidd, sem þú auglýsir eftir, er svo önnur saga, enda óvíst að það sé á færi FÍM að gera slíka „heildarsýningu" eins og aðstæður eru í dag. Það mætti kannski tala við Listasafn Íslands eða annan aðila?

Frá mínu sjónarmiði er höfuðvandinn að þjappa FÍM-urum betur saman, en það tekur allt sinn tíma, enda eru einstaklingarnir ólíkir eins og þú veist.

Með bestu kveðju

Jón Reykdal, stjórnarmaður í FÍM.

MEÐ EN EKKI OG

Dálítil prentvilla breytti merkingunni í niðurlagi bréfs nokkurra félaga í S.Á.T.T. í síðasta Helgarpósti, þar sem fjallað var um „útvíkkunareyrnaaðgerð" Árna Björnssonar, eyrnalystarskrifara blaðsins. Rétt er niðurlagið þannig:

„Var ekki einleikið með skrif Árna, en þar sem orsökin virðist hafa legið ljós fyrir hjá viðkomandi háls, nef-, og eyrnasérfræðingi er aðgerðina framkvæmdi væntum við þess að árangurinn komi fram þá og þegar með batnandi heyrn". Í blaðinu stóð hins vegar: „árangurinn komi fram þá og þegar og batnandi heyrn". Leiðréttist þetta hér með.